

Hallgrímur Gíslason

K-höfn — Minning



Sonur okkar,
Sigurgeir Geirsson,
Hamrahlid 31,
lezt í Landsspítalanum að
farannott 31. janúar.

Helga Sigurgeirs dóttir,
Geir Pálsson.

Jóhann Kristjánsson
frá Ólafsvík,
andaðist á sjúkradeild Hrafn-
istu 29. janúar. Útförin er
ákvæðin frá Fossvogskirkju
föstud. 3. febrúar kl. 3.

Blóm og kransar afþökkuð
en þeim sem kunna að vilja
minnast hans er bent á slys-
varnadeildina Sumargjöf í
Ólafsvík.

Vandamenn.

Konan mír og móðir mír,
Anna Lilja Lýðsdóttir,
sem andaðist í Landsspítalanum
27. janúar, verður jarð-
sungin frá Fossvogskirkju
föstudaginn 3. febrúar kl.
1.30 e. h.

Blóm vinsamlegast afþeðin.

Sveinn Ólafsson,
Anna Vala Hinrikssdóttir.

Útför eiginmanns míns og
sonar,
Óla Þórs Jónssonar,
fer fram frá Fossvogskirkju
miðvikudaginn 1. febrúar kl.
3 síðdegis.
Fyrir hönd vandamanna.

Valgerður Jóhannsdóttir,
Jón Björnsson.

Hjartkaer eiginmaður minn,
faðir og bróðir,
Porsteinn Jósepsson,
blaðamaður,

lezt í Landsspítalanum hinn
29. þ. m. Útförin fer fram frá
Dómkirkjunni n.k. laugardag
kl. 10.30.

Blóm og kransar eru af-
beðinir en þeim sem vilja
minnast hins látna er bent á
Krabbameinsfélög Íslands.

Edith Jósepsson,
Ásta Porsteinsdóttir,
Ásta Jósepsson.

Miningarathófn um móður
og tengdamóður okkar,
Guðrún Andrésdóttur,
Hagamal 6,
fer fram frá Fossvogskirkju
fimmtudaginn 2. febrúar kl.
9½ f. h. Jarðsett verður í
Odda kl. 2 e. h. sama dag.

Börn og tengdabörn.

Fæddur 11. nóv. 1881.
Dáinn 25. jan. 1967.
FRÁ 1876 til 1885 bjuggu í Vot-
múla-Austurkoti hjónin Gísli
Pálsson og þórunn Hallgríms-
dóttir. Þau eignuðust two sonu
Sigurð, sem dáinn er fyrir 20

árum og Hallgrím, sem lifentist í
Kaupmannahöfn og dó þar 27.
janúar sl.

Það voru ekki mykindi, sem
bessum unga sveini buðust hið
ytra, er hann var í heiminn bor-
inn. Frosthörkur og gaddur svo
mikill, að súðir bæjanna hrímu-
niður að rúmfatnaði fólkssins. En
móðurhöndin var mjuk og hly,
verndaði hann gegn öllum ytri
kulda, svo honum varð ekki
mein af. En skamna stund naut
ungi maðurinn móður sinnar
mjúku handa. Þegar hann var á
fimmta ári kom hin kalda hönd
dauðans og kallaði móðurina
burt. Við fráfall Pórunnar brá
Gísli Pálsson búi Hann kom þá
sonum sínum í fóstur til vina
sinna og frænda þeirra drengi-
anna, að Kolsholti í Villingaholti
hreppi. Fór Sigurður til hjón-
anna Sigurðar Jónssonar og konu
hans Guðrúnar Vigfusdóttur.
Hallgrímur fór til frænda síns
og móðurbróður, Gísla Hallgríms-
sonar og konu hans Helgu Pór-
arinsdóttur. Hér ólutt þeir upp
braðurnir, sem í foreldrahus-
um. En snemma lá fyrir þeim
braðurnum að vinna alla algengra
sveitavinu og stunda sjó. Fyrst
sem beitingastrákar á Stokks-
eyri. Síðar útróðramenn frá ýmsum
um verstöðum.

Hallgrímur kvæntist ungar
Ingibjörgu Einarssdóttur frá
Nesi í Villingaholtshreppi og
fluttust þau þá strax til Reykjavík.
Eignuðust þau eina dóttur barna.
Eftir stutta sambúð missti
Hallgrímur konu sína. Varð hann
þá að koma dóttur sinni, Pór-
unni, til fósturs að Tungu í Gaul-
verjabærjhreppi. Meðan Hall-
grímur var í Reykjavík stund-
aði hann sjó á þilfarskipum og
var lengi með Hjalti skipstjóra
Jónssyni, sem gerði hann að
stýrimanni ólærðan manninn.
Vildi Hjalti að Hallgrímur færí
í Styrmannaskólan. Hallgrímur
sagðist hafa verið svo ófiski-
inn, að hann lagði ekki upp í að
taka Sjómannaskólan.

Voríð 1906 vantaði háseta á
„Vestu“, eitt af skipum Samein-
ada Guðfuskipafélagsins. Réðist
hann þangað háseti og fór í sig-
lingar. Var Hallgrímur nokkuð ár
á skipi þessu og örðum skipum
félagsins. Fór hann þá viða, til
Rússlands, Belgia, Frakklands
og Englands, auk þess sem hann
kom oft hingað heim til Íslands.
1909 missti hann heilsuna og
varð að leggjast inn á Ríkisspítal-
ann í Kaupmannahöfn. Þar var
hann eitt ár þungt haldinn, en
hressist brátt. Gerðist hann pá
umsjónarmaður við deildina, sem
hann hafði legið á og starfsmaður.
1912 var auglýstur starfi við
Solbergs-kirkjugarð við Hróars-
kelduveg í Kaupmannahöfn.
Hallgrímur var einn umsækjandi
af 47 örðum. Fyrir sína
ágætu þjónustu á Ríkisspítalanum
hlaut hann starfann. Þann
starfa stundaði hann í 35 ár, að
hann hætti vegna aldurs. Hlaut
eftirlaun er hann hætti og lifði

af þeim til dauðadags.
Hallgrímur kvæntist öðru
sinni konu af dönskum ættum,
Önnu, sem verið hafði starfandi
á Ríkisspítalanum samtímis
honum. Eignuðust þau 3 mann-
vænleg börn, Ólaf, Guðlaugu og
Agnetu. Bjó hann öll þessi ár í
húsi skammt frá kirkjugarðin-
um, er hann starfaði við. Þar
missti hann Önnu konu sína.

Þegar síðari heimsstyrjöldi
braust út, var Ólafur kallaður í
herinn. Þar fæk hann lungnabólgum,
sem leiddi hann til dauða.
Báðar eru dætur hans frá síðara
hjónabandni giftar og búa í Dan-
mörku. Einnig hefur Pórunnar
dóttir hans frá fyrra hjónabandi
verið búandi í Danmörku um
nokkurt ára bil. Eftir að Hall-
grímur missti konu sína, fæk
hann litla snotra líði, og þar
bjó hann og undi vel hag sinum
við ástríki og umhryggju dætra
sinna. Hallgrímur var góður
heim að sækja og hafa allmargir
landar notið gestrisni hans,
enda vinmargur og tryggur
vinur.

Snemma bar á góðum gáfum
hjá Hallgrími og einstakri
einbeiti til að afla sér meintunar.
Eftir fermingu tók hann að læra
orgelspil, hví þá var komið orgel
í Villingaholtshreppu. Fyrstu
tilsögn í orgelleik hlaut hann sjá
Sigurði regluboða, sem þá ferð-
aðist um allt land til að boða
bindindi og stofna Goodtem-
plarastíkur. Hvern sunnudags-
morgun, sem messa bar að Vill-
ingaholti æfði hann sálmanns oft
í svo miklum kulda, en krók-
loppinn kom hann frá æfingunum.
Prátt fyrir slæmar aðstæður
tókst honum vel orgelleikurinn
og forsöngvarastarf.

I þennan tíma var Jón Pálsson
bókari við verzlun á Eyrarbakka
og begar orðinn kunnur orgel-
leikari. Hallgrímur lagði leið
sína til hans, að fá tilslögn.
„Láttu mig sjá hvað þú kannt“,
sagði Jón. Hallgrímur syndi
honum pá kunnáttu sína. Þá
sagði Jón: „Nú þú kannt ekkert
drengur minn“. Tók hann svo að
kenna Hallgrími tökin á orgeli-
nu. Varð hann nú að læra allt
frá byrjun. En bæði var að Hall-
grímur var áhugasamur og með
eindaum námfus. Tók hann
því bráðum framförum. Hélt
hann áfram að vera orgelleikari
og forsöngvari í Villingaholtsh-
kirkju, eða þar til hann flutti
til Reykjavík.

Svo var fátað Hallgrímur mikil,
er hann var kominn til Reykjavík,
að ekki var viðlit, að hann
gæti eignað orgel. En hann átti
nokkra vini í Reykjavík, sem
áttu hljóðfæri. Til þeirra leitaði
hann þegar tími gafst og æfði
þar af kappi. Svo komu sigl-

ingarárin. Gat hann þá ekki
stundað orgelleik. Er hann var
orðinn starfsmaður við kirkju-
garðinn kyntist hann mörgum
af færust hljómlistarmönnum
Kaupmannahafnar. Tók hann þá
stundum í hljóðfæri hjá þeim.
Luku þeir allir upp einum
munni, að þarna hefði gott efní
farið forgörðum. Ekki eignaðist
hann orgel strax, eða ekki fyr
en börn hans gáfu honum orgel-
harmónium. Átti hann margar
yndisstundir við það lög upp frá
því. Og þegar hann var orðinn
einn var það aðalskemmtun
hans, að sitja við hljóðfærið og
leika á það lög úr „Íslenzku
söngvasafrí“ og svo eignaðist
hann með tímanum flestar þær
sálmasöngbaetur sem út komu
heima hér. Urðu margir vina
hans til að senda honum bessar
baetur. Ekki veit ég til þess að
hann hafi samið lög. En gömlu
lög, bæði sönglögin og sálmalög-
sat hann við að raddsetja
eftir sinum eigin smekk. Átti
hann orðið allmikið safn skrif-
aðra söng- og sálmalaga. Auk
lög eftir vini sína. Þar á meðal
hef ég heytt um tvö lög eftir
Jón Pálsson.

Prátt fyrir stopular stundir til
lærðoms, lærði hann skrift, lestur
og reikning hjá ágætum
kennara, þóði Jasonarsyni.
Enda ritaði Hallgrímur einstaklega
fagra hönd. Svo fagra að
mest liktist koparstungu. Hann
ritaði og gott mál og talaði ala-
tið gott mál og fagur, eða fag-
ur Arnesmál, en Jón Pálsson
hefur sagt, að engir hafi talað
fegra mál en Arnesingar. Hann
notaði hvert tækifæri sem gafst
til að hitta fyrir vini sína í
Kaupmannahöfn og tala við þá
að elskoa málina sínu, eins og
hann komst að orði. Hann kom
heim upp 1950, og gat enginn
heyrt að þar væri að ferðinni
maður, sem verið hafði utan
lands íaratugi.

Vinur minn og frændi. Þetta
er fátaðleg kveðjuð frá mér
og braðrum mínum og örðum
skyldmennum. Þær eiga, þó fá-
tæklegar sér, að vera hinsta
kveðja frá okkur, og margfalda-
þakkar fyrir allt og allt.

Orð míni eiga að vera samú-
ar- og hluttekningaráð til dætra
þinna og barnabarna og annarra
aðstandenda.

Hallgrímur var jarðsunginn
frá Sinder Kapel og jarðaður
við hlið seinni konu sinnar,
Önnu, í Solbergs-kirkjugarði.
Þar sem hann hafði starfað í 35
ár.

Vertu af okkur kært kvaddur.
Drottinn, gefðu dánum ró, hinum
líkn sem lifa.

Gisli Sigurðsson
Fögrukinn 18
Hafnarfirði.

Eiturgas í Jemen?

Najran, Saudi-Arabíu,

LÆKNAR í bænum Najran í
Saudi-Arabíu skýrðu frá því i
dag, að þeir hefðu fengið til með-
ferðar yfir 100 manns vegna gas-
eitrunar frá Jemen síðan 5. jan.
sl., en þá eiga egyptkar flugvél-
ar að hafa varpað sprengjum á
porpið Ketaf.

Najran liggur rétt við landa-
mærin milli Jemen og Saudi-
Arabíu. Læknarnir, sem eru
fjórir, eina frá Saudi-Arabíu en
þrír frá Pakistan, sögðu frá því,
að sjúkingarnir hefðu þjást
m. a. af öndunarörugleikum,
hósta, svima, hófuðverk, lágu-
blóðþrystingi og haft miklar
kvalir fyrir brjósti og í maga.

Fullyrðingar um, að Egyptar
hefðu varpað eiturgassprengjum
yfir Ketaf, voru bornar fram
fyrr í þessum mánuði af Mu-
hammed Abdel-Kuddou al Wazir,
utanrikisráðherra konungs-
sínar í Jemen. Bæði hinir síðast-
nefndu og stjórnarvöld í Saudi-
Arabíu hafa farið þess á leit síða-
an, að Rauði krossinn léti fara
fram rannsókn á þessum atburði.

Sonur minn, faðir, tengda-
földir, aði og bróðir okkar,
Sigurður Sigurjónsson,
framreiðslumaður,

verður jarðsungin frá Foss-
vogskirkju fimmtudaginn 2.
febrúar kl. 10.30 árdegis.

Fyrir hönd annarra ástvina.

Hólumfríður Halldórsdóttir,
Halldóra Sigurðsson,
Páll G. Sigurðsson,
Daði Sigurðsson,
Sigurður Sigurðsson.

Bjarney Hinrikssdóttir,
Guðrún Hinrikssdóttir,
Hálsundur Jónasson,
Kristín Hinrikssdóttir,
Þórarinn Andrésson.

Innlægt þakklæti til allra er
auðsýndu okkur samúð og
vinarhug við andlát og útfor
okkar og tengdamóður.

Jóhönnu Hallgrímsdóttur.

Guðmundur J. Magnússon,
Kristján B. Magnússon,
Magnús V. Magnússon,
Sóley Magnúsdóttir,
Rannveig Magnúsdóttir,
Hansina S. Magnúsdóttir,
Lilja Magnúsdóttir.

Guðmundur J. Magnússon,
Sigurðardóttur.

Ég þakka öllum sem heim-
sóttu mig á 75 ára afmælinu
24. janúar síðasti. Ég þakka
veglegar gjafir, blómakveðjir,
heillaskeytir og allan vin-
attuvott og hlýhug sem í rík-
um mæli hefur um mig leik-
ið á þessum tímatímum.

Ég þakka trygga vináttu á
liðnum árum.

Jóhann B. Loftsson
Eyrarbakka.

Hugheilar þakkir til allra
þeirra sem gjöldu mig með
gjöfum, blómum og heillaóskum
á 75 ára afmælisdaginn
minn 24. janúar sl. Lifið heil.

Bjarni Halldórsson
Akureyri.